

## Svar

### félags- og húsnæðismálaráðherra við fyrirspurn frá Sigríði Á. Andersen um erlenda ríkisborgara á vinnumarkaði.

1. Hvert var hlutfall þeirra sem hlotið hafa alþjóðlega vernd hér á landi af heildarfjölda starfandi á vinnumarkaði á ári hverju árin 2022–2025?

Í töflu 1 má sjá hlutfall þeirra sem hlotið hafa alþjóðlega vernd hér á landi af heildarfjölda starfandi á vinnumarkaði á ári hverju árin 2022–2024. Upplýsingar vegna ársins 2025 liggja ekki fyrir.

Tafla 1.

2022	2023	2024
1,6%	0,9%	0,6%

Heimild: Hagstofa Íslands, Útlendingastofnun.

2. Hversu margir erlendir ríkisborgarar, einnig þeir sem hafa íslenskan ríkisborgararétt auk hins erlenda, voru atvinnulausir á ári hverju árin 2022–2025?

3. Hvert var hlutfall sama hóps af heildarfjölda atvinnulausra á ári hverju árin 2022–2025?

Í töflu 2 má sjá heildarfjölda erlendra ríkisborgara sem skráðir voru án atvinnu hjá Vinnu-  
málastofnun á árunum 2022–2024 og það sem af er ári 2025 sem og hlutfall þeirra af heildar-  
fjölda skráðra atvinnuleitenda á sama tímabili. Upplýsingar um fjölda íslenskra ríkisborgara  
sem eru með tvöfalt ríkisfang og eru skráðir án atvinnu hjá Vinnu-  
málastofnun liggja ekki fyrir.

Tafla 2.

Ár	Fjöldi alls	Fjöldi erlent ríkisfang	Hlutfall af heild
2022	19.355	8.143	42%
2023	17.039	8.144	48%
2024	19.240	10.181	53%
2025	12.904	7.338	57%

Heimild: Vinnu-  
málastofnun.

4. Frá hvaða ríkjum komu fimm fjölmennustu hópar erlendra ríkisborgara sem skráðir voru atvinnulausir á ári hverju árin 2022–2025?

Í töflu 3 má sjá ríkisföng fimm fjölmennustu hópa erlendra ríkisborgara sem skráðir voru án atvinnu hjá Vinnu-  
málastofnun á ári hverju árin 2022–2025.

Tafla 3.

<b>2022</b>	<b>2023</b>	<b>2024</b>	<b>2025</b>
<i>Ríkisfang</i>	<i>Ríkisfang</i>	<i>Ríkisfang</i>	<i>Ríkisfang</i>
Pólland	Pólland	Pólland	Pólland
Litháen	Litháen	Litháen	Litháen
Rúmenía	Rúmenía	Rúmenía	Úkraína
Lettland	Lettland	Úkraína	Rúmenía
Spánn	Spánn	Lettland	Lettland

*Heimild: Vinnumálastofnun.*